

Borgarstjórn Reykjavíkur
16. maí 2023

Tillaga borgarfulltrúa Vinstri grænna um endurskoðun samninga um hafnaraðstöðu fyrir hvalveiðiskip

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir, með vísun til margvíslegra umhverfisverndarstefna borgarinnar, aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum og stöðu höfuðborgarinnar sem ferðamannastaðar, að beina því til stjórnar Faxaflóahafna að endurskoða samning hafnarinnar við fyrirtækið Hval hf. um hafnaraðstöðu fyrir hvalveiðiskip félagsins, segja honum upp eða sjá til þess að hvalveiðiskipunum verði fundinn annar staður en í miðri gömlu höfninni í Reykjavík sem er miðstöð ferðamennsku og hvalaskoðunar.